



Strandabyggð

Höfðagötu 3

510 HÓLMAVÍK

Iceland

- Garðabær, 20.2.2025
- Málsnúmer: 202412-0054
- IAS

Efni: Kvíslatunguvirkjun, nýtt deiliskipulag. Tillaga til auglýsingar

Vísað er í erindi frá Strandabyggð, dagsett 20. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag Kvíslatunguvirkjunar.

„Orkubú Vestfjarða ehf. (OV) áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Á áætlað er að afl hennar verði allt að 9,9 MW og orkuframleiðsla um 64 GWh. Megin stöðvarhús virkjunarinnar verður í Selárdal og inntakslón, miðlunarlón og veituskurðir á heiðinni, norðan við Þjóðbrókargil. Framleidd orka verður flutt um 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes fyrir botni Steingrímsfjarðar.“

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um umhverfismat fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar þann 17. október 2024 og vísar í þá umsögn [hér](#).

Í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar kemur fram að fyrir liggi að framlagðir valkostir komi til með að hafa neikvæð áhrif á flesta þá umhverfispætti sem voru metnir og þar af muni aðalvalkostur, valkostur 3 hafa neikvæðustu áhrifin.

Skerðing verður á víðáttumesta samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum og bætist við skerðingu sem verður vegna annarra fyrirhugaðra framkvæmda innan sama víðernis.

Ef af framkvæmdum verður er mikilvægt að reynt verði að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum þeirra á náttúrufar bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum líkur.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur